

# Að brjóta niður samfélagslegar áskoranir með söguaðferð

Þessi vinnuaðferð er notuð bæði með litla og stóra hópa. Nemendur munu tengja samfélagslegar áskoranir við eigið líf, hlusta eftir og bera kennsl á smærri viðfangsefni út frá stærri samfélagslegri áskorun, vinna saman og hlusta hver á annan.

Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðirnar "Að læra gegnum samræður og samskipti" og "Að læra með því að hugsa".

## Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- ✓ Geta útskýrt hvernig eigið líf tengist samfélagslegri áskorun
- ✓ Geta komið auga á smærri viðfangsefni innan samfélagslegrar áskorunar
- ✓ Geta unnið saman í smærri hópum
- ✓ Geta sýnt fram á virka hlustun
- ✓ Geta auðkennt samfélagslegar áskoranir í daglegu lífi
- ✓ Geta flokkað hugmyndir

## Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í verkefnið eru 60 mínútur.

## Efni

Notaðu aðra eða báðar neðangreindra aðferða.. Valið er þitt!

Í kennslustofunni	Blandað: kennslustundaskipti
Leyfðu nemendum þínum að skrifa val sitt á kjörseðil eða rétta upp hönd.	<p>Notaðu stafrænt kosningatól þar sem er auðvelt og fljótlegt að kjósa. Búðu til aðgang fyrir eitt af eftirfarandi stafrænu verkfærum:</p> <p>MentiMeter: búðu til kynningu með tveimur fjölvalsspurningum (ókeypis) (sjá <a href="https://www.mentimeter.com">mentimeter.com</a>).</p> <p>Kahoot: Búðu til spurningarkeppni í Kahoot fyrir nemendur með hámark fjórum valkostum (sjá <a href="https://www.kahoot.com">kahoot.com</a>)</p>

	<p>Plickers: prentaðu út Plicker-spjöldin og afhentu nemendum þínum Plicker-spjald til að kjósa með.</p> <p>Prentaðu út það magn Plickersspjalda sem þarf, eitt fyrir hvern nemanda. Þú þarft snjallsíma til að skanna svör nemanda með Plickers appinu.</p> <p>Deildu tenglinum að stafræna vinnuborðinu með nemendum þínum.</p> <p><a href="#">Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</a></p>
	<p><b>Blandað: kennslustundabreyting (SVAN módelið)</b></p>
<p><b>Þrjú stór blöð</b></p>	<p>Búðu til þrjá dálka í einhverju stafrænu samstarfsverkfæri, s.s.</p> <p><b>Google Jamboard:</b> búðu til einn ramma með flokkunum þremur eða búðu til þrjá ramma, einn fyrir hvern flokk</p> <p><b>Miro:</b> búðu til yfirlit yfir flokkana þrjá</p> <p><b>Padlet:</b> búðu til Padletborð í dálkastíl með þremur dálkum fyrir hvern flokk</p> <p>Útbúðu stafræna merkmiðmiða með mismunandi litum. Gefðu hverjum hópi lit á stafræna vinnuborðinu</p> <p>Deildu tenglinum eða QR-kóða með nemendum, svo þeir fái aðgang í tækjunum sínum.</p> <p>Þú munt þurfa:</p> <p>Skjá til að sýna nemendum yfirlitið</p> <p>Fartölvu eða spjaldtölvu fyrir hvern nemendahóp</p>

## Undirbúningur

## Vinnuefni - Samfélagslegar Áskoranir

Búðu til vinnusvæði í kennslustofunni eða stafrænt með Google Jamboard, Miro eða Padlet (skref 3 og 4):

1. **Samfélagsleg áskorun:** áskorunin sem verður til umræðu hjá bekknum í heild er skrifuð efst (svæði eitt); fyrir neðan eru svæði fyrir stafræna miða eða merkimiða með lími sem nemendur geta skrifað á.
2. **Flokkun:** Útbúðu annað svæði til að flokka saman hugmyndir úr fyrsta svæðinu.
3. **Spurningar:** Útbúðu þriðja svæðið fyrir hvern hóp til að taka einn flokk og setja fram spurningar sem þeir þurfa að finna svör við til að skilja áskorunina betur.


### Samfélagsleg áskorun

Societal issue



### Flokkun

Categorise



### Spurningar

Questions



### Blandað nám: Plickers

Gefðu hverjum nemanda/pari eða nemendahópi fartölvu/spjaldtölvu.

Undirbúðu MentiMeter eða Kahoot spurningakeppnina þína fyrir atkvæðagreiðslu ef allir nemendur eru með fartölvu.

Ef ekki er nóg af spjaldtölvum/fartölvum fyrir alla, notaðu Plickers.

Búðu til nýtt Plickers-sett af spjöldum.

Gefðu nemendum þínum Plickers-spjöldin fyrir atkvæðagreiðsluna.

Bættu við vali þínu á samfélagslegum áskorunum.

Gakktu úr skugga um að spurningarnar séu stilltar frá „graded“ í „survey“.

Leyfðu nemendum þínum að setja Plickers-spjaldið sitt á loft með svarinu sínu efst.

Skannaðu niðurstöðurnar með Plickers appinu þínu.

## Frekari upplýsingar um Plickers?

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

Byrjaðu á því að ákveða samfélagslega áskorun til að nota í þessu verkefni. Við mælum með því að bjóða nemendum að kjósa um áskorun til að ræða, s.s. áskoranir sem komu fram í Vennmynd. Notaðu MentiMeter eða Kahoot til að greiða atkvæði. Ef ekki eru til nægilega margar tölvur eða spjaldtölvur fyrir alla, notaðu þá Plickers.

### 1 Innlögn

Kynntu samfélagslegu áskorunina fyrir nemendum og gefðu þeim færi á að velta fyrir sér hvort og þá hvenær þeir hafa kynnst henni af eigin raun.

Biðjið nemendur að íhuga reynslu sína. Láttu þá vita að þeir muni þurfa að deila sögum sínum í litlum hópum. Hér er gott að deila persónulegu dæmi úr eigin lífi í upphafi.

### 2 Saga og hlustun í litlum hópi

Skiptu nemendum í litla hópa sem í eru að meðaltali 4 nemendur. Útskýrðu verkefnið:

Hver nemandi fær 2 mínútur til að segja sína sögu. Þegar einn nemandi talar eiga allir aðrir að hlusta. Allir fá að tala.

\*Fylgstu með tímanum fyrir nemendur. Notaðu skeiðklukku

### 3 Að safna hugmyndum úr sögunum

Útskýrðu nú fyrir nemendum að þeir muni halda áfram að vinna í hópnum sínum og búa til lista yfir smærri viðfangsefni/hugmyndir sem komu út úr sögum þeirra í fyrsta dálknum.

Hver hópur fær tölvu/spjaldtölvu. Gefðu hverjum hópi lit og leyfðu þeim að nota samsvarandi litaða stafræna merkimiða. Í hópnum sínum skrifa þeir viðfangsefni/hugmyndir sínar á Miroborð/Google Jamboard/Padletborð.

Tökum dæmi. Ef áskorunin er heimilisleysi, gæti barn hafa sagt sögu um að setja peninga í krukku fyrir manneskju sem það sá á götunni og það gæti hafa deilt hvernig það lét þeim líða.

## Vinnuefni - Samfélagslegar Áskoranir

Önnur atriði sem gætu komið út úr þeirri sögu eru: hvar sefur heimilislaust fólk, að gefa manneskju ölmusu, vera dapur, áhyggjufullur eða jafnvel hræddur þegar gengið er fram hjá einhverjum sem er heimilislaus.

### Ábending

Þessi æfing getur verið erfið fyrir yngri nemendur. Íhugaðu að bjóða þeim blað með auðri töflu með eftirfarandi fyrsögnum í stað þess að hugleiða spurningar:

- Sögurnar kölluðu fram hjá mér eftirfarandi tilfinningar:
- Sögurnar fengu mig til að velta fyrir mér:
- Sögurnar fengu mig til að hugsa um:

## 4 Samnýting og flokkun málefna

Láttu nemendur nú aftur koma alla saman í einum hópi. Sýndu stafræna borðið á skjánum. Eyddu endurteknum svörum úr hópnum.

Vinnið sem hópur að því að flokka viðfangsefnið/hugmyndirnar saman í öðrum dálki.

Í dæminu um heimilisleysi geta verið nokkrir stórir flokkar: heilsugæsla, aðgangur að baðherbergjum, aðgangur að mat, aðgangur að hreinum fötum, tannlæknaþjónusta, geðheilbrigði, góðgerðarstarf einstaklinga, góðgerðarstarf stofnana, húsnæði á viðráðanlegu verði o.s.frv.

Hjálpaðu nemendum að koma auga á allt ferlið sem bekkurinn hefur farið í gegnum saman við það að kynna sér samfélagslega áskorun eins og heimilisleysi og að með því hafi þeir öðlast aukna færni í að koma auga á smærri atriði sem tengjast þessari tilteknu samfélagslegu áskorun.

Að þessu búnu er kjörið að enda æfinguna (en ekki gleyma ígrunduninni í #5). Ef þú hefur áhuga á að fara með nemendurnar í dýpri könnun skaltu skoða næstu skref.

## 5 Að kanna næstu skref

Biddu nemendurnar að fara aftur í litlu hópnum sem þeir unni í áður. Biddu hvern hóp að velja einn flokk af töflunni í spjalddölvunni. Síðan í svæði þrjú skaltu biðja nemendur um að setja fram eins margar spurningar og þeir geta um hvað þeir þurfa og vilja vita um málið til að skilja það betur.

Út frá þessu skrefi er hægt að fara með nemendur í margvíslegar áttir:

1. Þú getur látið þá taka ákvörðun um þær upplýsingar sem þeir vilja afla og hugsa um næstu skref: Hvernig geta þeir byrjað að svara spurningunum sem þeir settu fram?

## Vinnuefni - Samfélaglegar Áskoranir

2. Þú getur tengt upplýsingarnar sem þeir þurfa að safna við þessa kennslugrein eða aðrar greinar sem þú kennir, svo sem stærðfræði. Kannski eru nemendurnir t.d. að læra um mælingar eða að kynna gögn í stærðfræði. Nemendur geta þá sem dæmi safnað gögnum um áskorunina og æft sig í að kynna gögn fyrir öðrum.
3. Þú getur þróað verkefni fyrir lítinn eða stóran hóp til að rannsaka og skilja vandamál betur og kynna það fyrir bekknum, öðrum bekkjum, eða eigin fjölskyldum.
4. Þú getur þróað verkefni sem vinnur að því að finna lausnir á áskoruninni.
5. Vertu skapandi!

## 5 Ígrundun

Innihald:

Hvað lærði ég um áskorunina með því að hlusta á sögur annarra?

Aðferð:

Hvernig hjálpaði það mér að skilja áskorunina að hlusta á sögur annarra ?

Hvernig fannst mér að segja sögu um áskorunina?

## 6 Fáðu fjölskylduna með!

Láttu nemendur biðja einhvern heima um að segja þeim persónulega sögu um áskorunina. Daginn eftir geta þau deilt sögunum með bekknum.